

---

# Krafa um árangur

í atvinnu- og samgöngumálum



Samfylkingin

---

# Þrjár grundvallarkröfur

1. Krafa um framfarir í orku- og samgöngumálum bls. 9
  2. Krafa um skynsemi í auðlindastefnu bls. 14
  3. Krafa um íslensk kjör og atvinnustefnu fyrir Ísland bls. 18
- Áhrif á fjármál ríkisins bls. 22





# Þjóðin gerir kröfu um árangur



Hvað stóð upp úr á hátt í 30 opnum fundum um atvinnu og samgöngur, hringinn í kringum landið, og í þessum 180 fyrir-tækjum sem við heimsóttum? Svárið er einfalt: Krafa um árangur. Fólk skilur að allt hefur sinn tíma en stefnuleysi í stórum málaflökkum veldur áhyggjum. Alls staðar heyrum við kröfur um að ný ríkisstjórn rífi hluti í gang sem snerta uppbyggingu innviða og atvinnulífs á Íslandi.

Þetta eru kröfur frá þjóðinni sem við höfum meðtekið og gerum að okkar: Þrjár grundvallarkröfur í atvinnu- og samgöngumálum sem Samfylkingin gerir til næstu ríkisstjórnar – sem við þjóðum okkur fram til að leiða.

Þannig felur *Krafa um árangur í atvinnu- og samgöngumálum* í sér eins konar verklýsingu fyrir nýja ríkisstjórn – þrjár grundvallar-

kröfur í mikilvægum málaflökkum og aðgerðir til árangurs svo hægt verði að ná settu marki á tveimur kjörtímabilum.

Útspilið er afrakstur af metnaðarfullu málefnastarfi um land allt síðastliðið hálf tveimur árum og byggir á nýju verklagi hjá forystu Samfylkingarinnar sem lagt var upp á landsfundi haustið 2022. Við byrjuðum á að vinna *Örugg skref í heilbrigðis- og öldrunarmálum*, fimm þjóðarmarkmið til tveggja kjörtímabila og örugg skref í rétta átt. Og næsta hálf árið tókum við fyrir húsnæðis- og kjaramál með sama hætti.

## Til framkvæmda reiðubúin

Allt sprettur þetta af því að Samfylkingin hefur einbeittan vilja til verklegra framkvæmda. Við höfum ákveðið að vera tilbúin til framkvæmda frá fyrsta degi í nýrri



ríkisstjórn – fáum við til þess umboð í kosningum. Því að þjóðin gerir kröfu um árangur sem við erum staðráðin í að standa undir.

Við tókum þessu verkefni alvarlega. Enda höfum við breytt Samfylkingunni og sýnt í verki hvernig við viljum breyta Íslandi. Við höfum sótt til fólksins og stillt okkur upp þétt með þjóðinni; leitað aftur í kjarna jafnaðarstefnunnar, opnað flokkinn upp á gátt og unnið skipulega að undirbúningi til að geta boðið upp á trúverðugan valkost í næstu Alþingiskosningum um nýja tíma í íslenskum stjórnarmálum.

Árangurinn veltur á því við ávinnum okkur traust almennings og vekjum von og trú á að það sé hægt að stjórna Íslandi betur með gildi jafnaðarmennsku að leiðarljósi. Við vitum að við getum það.



# Heimsóknir í 180 fyrirtæki um land allt





## Sótt til fólksins

Þess vegna vinnum við svona. Og þess vegna höfum við lagt svo hart að okkur að finna sameinandi rauðan þráð. Á fjölda opinna funda um atvinnu og samgöngur, um landið þvert og endilangt, og með samtölum við stjórnendur og starfsfólk fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum, á öllum sviðum í íslensku atvinnulífi. Við erum þakklát fyrir móttökurnar og framlag fjölda fólks sem hefur lagt okkur lið á einn eða annan hátt. Fyrir vikið erum við margs vísari og með puttann á púlsinum um landsins gagn og nauðsynjar.

Þótt vinna af þessum toga krefjist pólitískrar forystu og grundvallist á stefnu Samfylkingarinnar þá er tilfinningin, innblásturinn og forgangsroðunin sótt milliliðalaust til fólksins í landinu. Það gefur okkur styrk og fullvissu.

## Námsdvöl hjá Norðmönnum

Því til viðbótar höfum við leitað til reynslubolta og fjölda sérfræðinga um helstu þjóðþrifamál. Það var nauðsynlegur liður í þessari vinnu – enda lykilatriði fyrir okkur að fara ekki fram með neinar tillögur nema þær sem við vitum að við getum framkvæmt. Við viljum segja minna og gera meira.

Eitt af því sem við gerðum var að heimsækja frændur okkar Norðmenn. Nánar tiltekið þáðum við boð frá Jonas Gahr Støre, forsætisráðherra Noregs og formanni Verkamannaflokksins þar í landi, og nýttum ferðina til fulls. Þannig varð úr eins konar námsdvöl hjá Norðmönnum með áherslu á

verklag þeirra og reynslu þegar kemur að auðlindastefnu, orku-málum og samgönguinnviðum. Við áttum vinnufundi með forsætisráðherranum, ráðherrum orku- og samgöngumála, sérfræðingum á Stórþinginu og með fulltrúum frá norska Alþýðusambandinu (LO) og Samtökum atvinnulífsins (NHO).

Þetta var sérlega gagnleg ferð. Samfylkingin nýtur góðs af því að tilheyra hreyfingu sósíaldemókrata á heimsvísu og eiga öfluga systurflokka – ekki síst á hinum Norðurlöndunum þar sem þessir flokkar eru vanir að stjórna, móta og reka einhver farsælustu samfélög í heiminum. Út á það gengur þetta allt saman. Og það endurspeglast í öllum þeim tillögum sem við leggjum fram: Þær eru gerlegar.

## Gerlegar breytingar

Okkar upplifun er sú að fólk sé ekki endilega að biðja um eitthvað flókið eða óframkvæmanlegt. Það eru gerðar ríkar kröfur til hvernar ríkisstjórnar um árangur. En flest þeirra sem við tölum við á ferðum okkar um landið hafa algjörlega raunhæfar vonir um gerlegar breytingar sem myndu styðja við öflugt atvinnulíf og treysta öryggi fólks.

Við vitum öll að stjórnámálemenn eru ekki almáttugir. Hið opinbera gegnir samt mikilvægu hlutverki og það er lágmarkskrafa til stjórnámálanna að þeir byggji upp sterka innviði og skapi skýran ramma fyrir vöxt og verðmæta-

sköpun í landinu. Til þess verða stjórnvöld að hafa stefnu um það hvers konar atvinnulíf við byggjum upp og á hvaða forsendum.

Tillögur Samfylkingarinnar í atvinnu- og samgöngumálum miðast við framfarir, skynsemi og skýra stefnu. Við förum ekki fram með innistæðulaus fyrirheit og höldum ekki á lofti ýtrustu kröfum í einu og öllu – eða markmiðum sem eru innbyrðis ósamrýmanleg. Almennigur hefur fengið nóg af slíku.

## Krafa um árangur

Hluti af því að leggja fram áherslur sem fela í sér gerlegar breytingar er að standast þá freistingu að segjast ætla að gera allt fyrir alla – jafnvel á einu kjörtímabili – og romsa því svo upp úr sér alveg út í minnstu smáatriði. Þetta er öruggasta leiðin til að missa sjónar á stóru myndinni.

Samfylkingin fer aðra leið. Við viljum gera færri en stærri hluti sem snerta flesta. Við erum reiðubúin til framkvæmda í grundvallarmálum og óhrædd við að forgangsraða áherslum okkar. En þá gerum við líka kröfu um að ná raunverulegum árangri í þeim stóru hagsmunamálum sem við höfum valið að setja á oddinn.

Þetta skýrir hvers vegna *Krafa um árangur í atvinnu- og samgöngumálum* er sett fram á þessu formi – sem þrjár grundvallarkröfur í risastórum málaflokkum sem hreyfa allt annað á Íslandi. Og þetta eru einmitt málaflokkar sem

eru á beinni ábyrgð stjórnvalda því þeir snúa annars vegar að uppbyggingu innviða og hins vegar að almennri stefnumörkun um auðlindir og atvinnulíf í landinu. Samfylkingin hefur um árabil talað fyrir öflugum stuðningi við nýsköpun og skapandi greinar. Áhersla á vægi háframleiðnigreina sem byggja á hugviti og sköpunargáfu verður áfram þungamiðja í atvinnustefnu Samfylkingarinnar.

### Lífæðar samfélagsins

Fyrsta grundvallarkrafan er krafa um framfarir í orku- og samgöngumálum. Ástæðan er sú að þetta eru lífæðar samfélagsins – grunninnviðir sem flest annað byggir á, með beinum eða óbeinum hætti, og sem stjórnvöld bera ábyrgð á að viðhalda og byggja upp. Í þeim efnum verður að líta til lengri tíma en eins kjörtímabils en ljóst er að þarna getur árangur núverandi ríkisstjórnar alls ekki talist viðunandi.

Samfylkingin vill lyfta innviðum Íslands upp um flokk á næstu 10 árum til að auka öryggi og efla atvinnulíf um land allt. Til að ná því marki setjum við fram útfærðar kröfur og aðgerðir til árangurs. Með skýrri stefnu og vilja til framkvæmda eru okkur allir vegir færir.

### Stolt auðlindaþjóð

Önnur grundvallarkrafan er krafa um skynsemi í auðlindastefnu. Sameiginlegar náttúruauðlindir eru grundvöllur útflutnings á Íslandi og á þeim grunni hafa risið hugvitsgreinar með íslenska sérstöðu. Við megum ekki missa tengingu við sérstöðu okkar – hvaðan við komum og á hverju við byggjum. Íslendingar eiga að vera stolt auðlindaþjóð en við getum gert betur með skynsamlegri og réttlátri auðlindastefnu.

Samfylkingin vill leiða breytingar á fyrsta kjörtímabili í ríkisstjórn til að nálgast aukna sátt um auð-

lindir okkar og til að efla aftur stoltið sem við ættum öll að upplifa í tengslum við nýtingu þeirra. Þar er lykilatriði að taka upp almennt auðlindagjald sem rennur til nærsamfélags og þjóðar. Með því að endurnýja umræðu um auðlindamál á breiðum grunni getum við gert þetta.

### Íslensk kjör og velferð

Þriðja grundvallarkrafan er krafa um íslensk kjör og atvinnustefnu fyrir Ísland. Lífskjör okkar byggja á góðum og vel launuðum störfum, atvinnugreinum með háa framleiðni og sterku velferðarkerfi. Og þess vegna ættu stjórnvöld að hafa stefnu um það hvers konar atvinnulíf byggist upp á Íslandi til að standa undir íslenskum kjörum og velferð.

Frá árinu 2017 hefur hagvöxtur héraendis verið keyrður áfram af hröðum vexti í vinnuafslfrekum atvinnugreinum – en hagvöxtur á mann hefur að jafnaði verið





nokkuð minni á Íslandi en á Norðurlöndum og í Evrópu. Um leið hefur fjöldi innflytjenda sem hér býr tvöfaldast án þess að uppbygging innviða og grunnþjónustu hafi haldið í við þá þróun.

Samfylkingin vill taka fast á félagslegum undirboðum. Það stangast á við grunnildi jafnaðarmanna að bjóða innflytjendum upp á lakari réttindi á vinnu- markaði en innfæddum eða ófullnægjandi tækifæri til þátttöku í samfélaginu. Jafnframt þarf að grípa til aðgerða til að auka framleiðni í hagkerfinu og koma á fót Atvinnustefnuráði Íslands sem hefði skýrt skilgreint hlutverk í þessum efnum.

### **Tveggja kjörtímabila vegferð**

Stundum er látið eins það sé bara ein leið í boði við stjórn efnahagsmála á Íslandi. Eins og það sé ekki hægt að gera hlutina öðruvísi. Eins og það sé óhjákvæmilegt að reka ríkisfjármálin á þann hátt sem verið hefur í tíð núverandi ríkisstjórnar – og eins og stjórnvöld megi ekki skipta sér af því hvernig atvinnulíf byggist upp á Íslandi. Þetta er pólitík óumflýjanleikans.

Samfylkingin hafnar þessum hugsunarhætti. Það er önnur leið í boði – sem við höfum haldið á lofti á undanförunum misserum og sem birtist meðal annars í þessu útspili okkar um atvinnu og samgöngur. Það er hægt að koma Íslandi aftur á rétta braut, lyfta innviðum landsins upp um flokk og skapa sterkan ramma um vöxt og verðmætasköpun til framtíðar.

En fólk er ekki vitlaust. Það áttar sig alveg á því að ef við veljum þessa leið þá fæst hún ekki ókeypis, frekar en nokkuð annað, og allt tekur sinn tíma. Og það veit líka að ef fjárfestingar í grunninnviðum eru vanræktar til lengri tíma þá veikir það samfélagið og getu okkar til verðmætasköpunar.

Þess vegna á stjórn mála fólk að vera hreinskilið: Við getum farið aðra leið – og það er ekkert óhjákvæmilegt eða óumflýjanlegt við þá leið sem núverandi ríkisstjórn hefur valið að fara. Og ef við viljum fara saman í þessa vegferð til árangurs í atvinnu- og samgöngumálum þá mun það taka sinn tíma, það mun kalla á erfiðar ákvarðanir og það mun útheimta fjárfestingar sem munu ekki borga sig strax til baka á fyrsta kjörtímabili.

Samfylkingin boðar engin heljarstökk og engar töfralausnir. Við höfum lagt þetta upp sem tveggja kjörtímabila vegferð – þar sem fólkinu í landinu gefst tækifæri til að taka punktstöðu í hálfleik. Valkosturinn sem Samfylkingin býður upp á í næstu kosningum verður í öllu falli skýr. En það verður auðvitað í höndum fólksins í landinu að velja leiðina áfram.

Njótið lestursins. Og komið með okkur í þetta verkefni!


---

**Kristrún Frostadóttir,**  
formaður Samfylkingarinnar  
– Jafnaðarflokks Íslands

### **Sérstakar þakkir:**

Stýrihópur Samfylkingarinnar um atvinnu- og samgöngumál, sem í voru Arna Lára Jónsdóttir formaður, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Margrét Kristmannsdóttir og Stefán Þór Eysteinnsson. Jonas Gahr Støre forsætisráðherra Noregs og Håvard Solbakken Therkelsen starfsmanni norska Verkamannaflokksins eru jafnframt færðar þakkir.







1

# Krafa um framfarir í orku- og samgöngumálum



Fólk vill öryggi og öflugt atvinnulíf um land allt.

Forsendur þess eru sterkir innviðir. Þar hefur hið opinbera mikilvægu hlutverki að gegna. Orka og samgöngur eru dæmi um grunninnviði sem stjórn-málaþólk ber ábyrgð á að viðhalda og byggja upp.

Til þess þarf stefnu um stöðugar framfarir, opinbera fjárfestingu og vilja til verklegra framkvæmda. Frá aldamótum hafa fjárfestingar í samgöngum á Íslandi dregist aftur úr öðrum Norðurlöndum og meðaltali OECD-ríkja. Og í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur engin ný virkjun yfir 10 MW farið í framkvæmd eða fengið gilt virkjunarleyfi.

Samfylkingin gerir kröfu um framfarir í orku- og samgöngumálum. Á næstu 10 árum viljum við lyfta innviðum Íslands upp í nýjan styrkleikaflokk til að auka öryggi og efla atvinnulíf um land allt.



## Stóra núllið: Framkvæmdastopp frá 2017

Í tíð núverandi ríkisstjórnar hafa framkvæmdir hafist við 0 jarðgöng og 0 nýjar virkjanir yfir 10 MW– hvort sem litið er til virkjana sem nýta vatnsafl, jarðvarma, vind eða aðra orkugjafa. Samfylkingin hefur einbeittan vilja til verklegra framkvæmda í orku- og samgöngumálum.

# Framfarir í orkumálum

Umræða um *orkuþörf* getur verið villandi. Það er engin utanaðkomandi orkuþörf sem Íslendingum ber skylda til að uppfylla. Spurningin er frekar hvaða *orkuvilja* við höfum: Hvað viljum við nýta mikla orku? Og hvernig?

Hæst heyrir annars vegar í þeim sem telja að tvöfalda þurfi raforkuframleiðslu á Íslandi fyrir árið 2040 – og hins vegar þeim sem vilja algjört framkvæmdastopp og að verksmiðjum verði lokað. En fólk í landinu er upp til hópa á hófstiltari línu og vill nýta orkulindir með sjálfbærum hætti án þess að fórnar verðmætum náttúrusvæðum.

Samfylkingin vill hvorki láta loka verksmiðjum né virkja sérstaklega fyrir nýja risanotendur raforku, á borð við ný álver, á þessum tímamarki.

Samfylkingin vill framfarir í orkumálum til að styðja við verðmætasköpun og orkuskipti. Til þess þarf að gera allt þrennt: Afla aukinnar orku, efla flutningskerfi og bæta orkunýtni.



## Grundvallarkrafa um framfarir í orkumálum

### 10 ára markmið um að auka ársframleiðslu á raforku um 5 TWh

- Með bættri orkunýtni má fá allt að 1 TWh á sama tíma
- Þannig getum við staðið undir góðum gangi í orkuskiptum á landi og hafi árið 2035, vexti til heimila og smærri fyrirtækja í takti við fólksfjölgun og hóflegri aukningu til núverandi og nýrra stórnotenda (svo sem til landeldis og gagnavera) (\*)
- Ný byggðalína fyrir árið 2035 og útrýmum einföldum tengingum við þéttbýlisstaði

(\*) Bæði í orkuspá Landsnets og í grunnsþá Orkustofnunar er gert ráð fyrir 2,5 TWh aukningu til almennrar notkunar og stórnotenda árið 2035 – sem er „byggt á hóflegum vexti í umsvifum“ samkvæmt Orkustofnun. Markmið um góðan gang í orkuskiptum á landi og hafi kalla á 2,5 til 3,5 TWh til viðbótar. Þar af er stór hluti orkuskipti með núverandi tækni en 1 til 2 TWh byggja á væntingum um innlenda framleiðslu á rafeldsneyti. Þannig gæti Ísland átt kost á að taka þátt í framleiðslu á rafeldsneyti – ef það reynist hagkvæmt hérlendis. Samfylkingin vill styðja við þessa þróun og á því byggir 10 ára markmið um að auka ársframleiðslu á raforku um 5 TWh og bættu orkunýtni upp á allt að 1 TWh.



## Aðgerðir til árangurs

### Ríkisstjórn leggi fram markmið um orkuöflun sem byggt er á við afgreiðslu rammaáætlunar

- Gætum jafnvægis milli orkunýtingar og náttúruverndar með rammaáætlun og tryggjum um leið að virkjunarkostir í nýtingarflokki geti staðið undir markmiðum um orkuöflun
- Til þess þarf að afgreiða rammaáætlun oftast á Alþingi og fjölga virkjunarkostum í nýtingarflokki í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar rammaáætlunar
- Tölulegt markmið stjórnvalda um orkuöflun til 10 ára verði endurmetið á tveggja ára fresti

### Flýttum orkuframkvæmdum sem hafa verið samþykktar í nýtingarflokk rammaáætlunar

- Eitt leyfisveitingaferli í stafrænni gagnagátt hjá nýrri Umhverfis- og orkustofnun
- Einföldum umhverfismatsferli virkjunarkosta í nýtingarflokki þar sem þeir hafa þegar fengið mun meiri umfjöllun en aðrar framkvæmdir áður en til umhverfismats kemur
- Lögbindum tímafresti við veitingu leyfa og styrkjum stjórnslu umhverfis- og orkumála, meðal annars með því að innheimta þjónustugjöld af framkvæmdaaðilum
- Setjum þjóðhagslega mikilvægar framkvæmdir efst í bunkann: Skyldum stofnanir til að setja í forgang umsóknir vegna kosta í orkunýtingarflokki rammaáætlunar

### Auðlindagjöld af orkuvinnslu til þjóðar og nærsamfélags (sjá *Krafa um skynsemi í auðlindastefnu*)

- Með því að stilla saman hagsmuni nærsamfélags og þjóðar má skapa hvata til framfara í orkumálum – þetta er lykilatriði til að ná sátt og höggva á hnúta
- Þá er það réttlætismál að orkufyrirtæki greiði fyrir aðgang að auðlindum og að hluti af tekjum renni til nærsamfélags vegna staðbundinna áhrifa af nýtingunni – óháð eignarhaldi og hvort sem orkuvinnslan nýtir vatnsafl, jarðvarma, vind eða aðra orkugjafa
- Til að greiða fyrir uppbyggingu á flutningskerfi raforku má afnema undanþágu frá fasteignasköttum til sveitarfélaga af orkuflutningsmannvirkjum

### Jöfnum orkukostnað landsmanna og setjum aukinn kraft í jarðhitaleit á köldum svæðum

- Orka og jarðhiti eru sameiginlegar auðlindir okkar sem allir landsmenn eiga að njóta – í dag er munur á húshitunarkostnaði meðalheimila á Íslandi allt að þrefaldur eftir búsetu
- Höldum áfram að jafna dreifikostnað raforku en hækkum einnig niðurgreiðslur til húshitunar og lækkum kostnað með fjölbreyttum leiðum – svo sem með því að setja aukinn kraft í jarðhitaleit á köldum svæðum

### Í hvað á orkan að fara?

Samfylkingin vill framfarir í orkumálum til að styðja við verðmætasköpun og orkuskipti. Framboð á forgangsorku til heimila og smærri fyrirtækja ætti að tryggja með lögum – en til að markmið um orkuskipti náist þarf atvinnustefnu þar sem stjórnvöld beita hvötum og ívilnunum til að ýta undir orkuskipti og græna atvinnustarfsemi á Íslandi (sjá *Krafa um íslensk kjör og atvinnustefnu fyrir Ísland*). Samfylkingin leggst gegn því að forgangsorka sé seld til rafmyntagraftar og hafnar hugmyndum um að ríkið selji hluti í Landsvirkjun.

# Framfarir í samgöngumálum

Ísland er strjálbýlt land. Samgöngur eru forsenda öryggis og öflugs atvinnulífs um land allt. Þrátt fyrir þetta eru fjárfestingar í samgöngum á Íslandi aðeins 0,5% af vergri landsframleiðslu. Í öðrum ríkjum OECD er meðaltalið um 1%.

Þetta birtist meðal annars í viðhaldsskuld í vegakerfi landsins, algjöru framkvæmdastoppi við gerð jarðganga og skorti á vilja til að styrkja Strætó á meðan beðið er eftir Borgarlínu. Til að draga úr umferðartöfum og bæta flæði allra ferðamáta er lykilatriði að fjármagna samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins frá árinu 2019.


Forgangsröðun verkefna verður aldrei auðveld þegar hvarvetna bíða knýjandi verkefni – en það er grundvallarkrafa að hefja aftur kraftmiklar framkvæmdir.

Samfylkingin vill framfarir í samgöngumálum um land allt. Til þess þarf að lyfta fjárfestingum í samgöngum aftur upp um flokk.

## Grundvallarkrafa um framfarir í samgöngumálum

Fjárfestingar í samgöngum fari aftur upp í meðaltal OECD-ríkja fyrir árið 2030 (sem er um 1% af vergri landsframleiðslu)

- Byrjum aftur að bora – alltaf framkvæmdir við 1 til 2 jarðgöng í gangi á hverjum tíma
- Styrkjum Strætó á meðan framkvæmdir standa yfir við Borgarlínu



### Fjárfestingar í samgönguinnviðum (% af VLF)

Frá árinu 2008 hafa fjárfestingar í samgönguinnviðum á Íslandi verið langt undir meðaltali OECD-ríkja. Upp úr aldamótum var Ísland yfir meðallagi – enda tífalt strjálbýlla en meðalríkið í OECD. Gögnin taka til nýfjárfestinga og viðhalds á samgönguinnviðum.



## Aðgerðir til árangurs

### Gefum í fjármögnun til að hefja aftur kraftmiklar framkvæmdir í samgöngumálum

- Til að lyfta fjárfestingum úr 0,5% í 1% af vergri landsframleiðslu þarf að verja um 20 milljörðum til viðbótar á ári til nýfjárfestinga og viðhalds á samgönguinnviðum
- Þar er fjármögnun lykilatriði og þótt stærstur hluti fjármagns muni áfram renna um ríkissjóð þá getur sértæk gjaldtaka gagnast að ákveðnum skilyrðum uppfylltum (sjá *Afstaða Samfylkingarinnar til veggjalda*)
- Arðbærar fjárfestingar hins opinbera má fjármagna að hluta með lántöku fremur en beinum sköttum eða gjöldum – en slík lántaka takmarkast helst af áhrifum á umsvif og þenslustig í hagkerfinu

### Viðhöldum getu í kerfinu til að standa undir kraftmiklum framkvæmdum í samgöngumálum

- Höldum jarðgangaborum og öðrum vinnuvélum í landinu – með fjármögnuðum áætlunum og stöðugum framkvæmdum má auka rekstraröryggi í mannvirkjagerð
- Fjármögnum aukna aðsókn í iðnnám: 600 til 1000 umsóknum er hafnað á hverju ári þrátt fyrir skort á iðnmenntuðu starfsfólki á Íslandi – stöðugar innviðaf framkvæmdir krefjast þess að mannaúður byggist upp hér á landi

### Almenningssamgöngur þurfa að standa undir nafni strax

- Styrkjum Strætó á meðan framkvæmdir standa yfir við Borgarlínu – framlag ríkisins til Strætó hefur staðið fast frá árinu 2014 og væri nær tvöfalt hærra ef það hefði fylgt verðlagi
- Eflum almenningssamgöngur milli byggða á landi, í flugi og með ferjum – sér í lagi þegar landleið er ekki fær

### Reykjavíkurlugvöllur verður í Vatnsmýri þar til annar jafngóður eða betri kostur er tilbúinn

- Vinnum áfram samkvæmt samningi ríkisins og Reykjavíkurborgar frá árinu 2019

## Afstaða Samfylkingarinnar til veggjalda

Samfylkingin vill að framkvæmdir í samgöngumálum verði áfram fjármagnaðar með almennum hætti í gegnum ríkissjóð. Að ákveðnum skilyrðum uppfylltum getur sértæk staðbundin gjaldtaka þó komið að gagni og verið réttlætanleg. Mikilvægast er að frumkvæði að slíkri gjaldtöku komi frá nærsamfélagi, heimafólki sjálfu. Þá þarf markmiðið með gjaldtökunni að vera skýrt og tekjurnar af henni að nýtast beint til að ná settu marki. Hér verða nefnd tvö dæmi um sértæka staðbundna gjaldtöku:

(1) Veggjöld til að flýta stórum framkvæmdum á samgönguáætlun ríkisins: Þetta getur til dæmis gilt um stórf framkvæmdir á borð við jarðgangagerð og annað þess háttar. Ef sveitarfélög vilja flýta tiltekinni framkvæmd á samgönguáætlun geta þau tekið höndum saman um að hluti kostnaðar verði greiddur með veggjöldum – en gera verður ráð fyrir lægri hlutdeild veggjalda á fáfarnari slóðum. Skilyrði fyrir þessu er að innheimta veggjalda falli niður þegar tekjur hafa staðið undir stofnkostnaði en lánsfé til framkvæmda má koma frá einkaaðilum eða lífeyrissjóðum.

(2) Flýti- og umferðargjöld til að draga úr umferð einkabíla á álagstímum í þéttbýli: Víða á Norðurlöndum, og í öðrum nágrennalöndum okkar, þekkjast slík gjöld í stærri borgum. Markmiðið er þá að stuðla að fjölbreyttari og betri samgöngum allra ferðamáta og draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar. Bæði gjaldtakan og tekjurnar sem af henni hljóta geta stutt við slík markmið. Í samkomulagi ríkisins við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2019 er gert ráð fyrir að sérstakt félag (Betri samgöngur) geti innheimt flýti- og umferðargjöld af þessu tagi á höfuðborgarsvæðinu.

## 2

## Krafa um skynsemi í auðlindastefnu



Við byggjum Ísland vegna náttúruauðlinda.

Við erum stolt auðlindaþjóð og leitum sífellt betri leiða til að nýta auðlindir okkar í þágu landsmanna. En á Íslandi er engin auðlindastefna – engin heildarsýn á nýtingu náttúruauðlinda. Þetta bitnar bæði á verðmætasköpun og samfélagslegri sátt.

Skynsamleg og réttlát auðlindastefna gæti skapað sterkan ramma fyrir vöxt og verðmætasköpun um land allt. Enda verða til mikil verðmæti þegar við leyfum iðnu og hugvitssömu fólki að nýta sameiginlegar náttúruauðlindir landsins með fyrirsjáanlegum hætti. En almenn auðlindagjöld eru lykilatriði og tekjum af þeim ætti að skipta á milli sveitarfélaga og ríkissjóðs – til að stilla saman hagsmuni nærsamfélags og þjóðar.

Samfylkingin gerir kröfu um skynsemi í auðlindastefnu.



## Um auðlindir og auðlindagjöld

Hvað er auðlind? Í raun getur það verið breytilegt frá einum tíma til annars. Í skýrslu Auðlindanefndar frá árinu 2000 segir að „allir þættir náttúrunnar, jörðin, lífríkið, vatn, loft og sólarljós, geti talist til náttúruauðlinda en þær verða því aðeins verðmætar í efnahagslegum skilningi að eftir þeim sé sóst og framboð á þeim sé takmarkað“.

Rök fyrir auðlindagjöldum eru sérlega sterk þegar auðlindarenta verður til í atvinnugrein sem byggir á nýtingu náttúruauðlinda. Auðlindarenta er „sá umframhagnaður sem eftir stendur þegar atvinnugreinin hefur greitt allan rekstrarkostnað og staðið undir eðlilegri ávöxtun þess fjár sem bundið er í greininni með tilliti til þeirrar áhættu sem í rekstrinum felst“, samkvæmt skilgreiningu Auðlindastefnunefndar frá árinu 2012. Einnig má færa rök fyrir auðlindagjöldum þegar nýting náttúruauðlinda hefur í för með sér álag á þær auðlindir sem nýttar eru eða önnur ytri áhrif, til dæmis á samfélag, innviði eða umhverfi.

Auðlindarenta getur til dæmis myndast í atvinnugreinum sem byggja á sérleyfum til nýtingar náttúruauðlinda. Þar má nefna sjávarútveg, fiskeldi í sjó og orkuvinnslu. Auðlindagreinar sem hafa í för með sér álag á samfélag, innviði eða umhverfi gætu verið greinar á borð við fiskeldi í sjó, orkuvinnslu og ferðaþjónustu svo nokkur dæmi séu nefnd.

## Hin ríka hefð Norðmanna

Í Noregi er rík hefð fyrir almennum auðlindagjöldum sem renna til nærsamfélags og þjóðar. Eins og Jonas Gahr Støre, forsætisráðherra og formaður systurflokks Samfylkingarinnar í Noregi, hefur komist að orði: „Við Norðmenn eigum okkur ríka hefð fyrir því að verðmæti af sameiginlegum náttúruauðlindum nýtist samfélaginu í heild. Aðgangur að auðlindum okkar hefur gert tilteknum atvinnugreinum kleift að afla verulegra tekna. Við eigum öll að njóta góðs af þeim verðmætum.“

Í Noregi taka almenn auðlindagjöld jafnt til olíuvinnslu, orkuvinnslu með vatnsafla og vindi og fiskeldis. Þar er sjávarútvegi stjórnað í meiri mæli út frá byggðasjónarmiðum en á Íslandi og ferðaþjónusta er hlutfallslega öllu minni að umfangi. Allt að helmingur af tekjum Norðmanna af auðlindagjöldum vegna orkuvinnslu og fiskeldis rennur til nærsamfélagsins, meðal annars vegna staðbundinna áhrifa af nýtingu auðlindanna.





## Grundvallarkrafa um skynsemi í auðlindastefnu

Almenn auðlindagjöld frá fyrsta kjörtímabili – sem renni til nærsamfélags og þjóðar

- Í fyrstu verði tekin upp skynsamleg og réttlát auðlindagjöld í sjávarútvegi, fiskeldi, orkuvinnslu og ferðaþjónustu
- Auðlindastefna sem skapar ramma fyrir vöxt og verðmætasköpun um land allt

## Aðgerðir til árangurs

### *Sjávarútvegur og fiskeldi í sjó*

#### Hærra veiðigjald í sjávarútvegi með þrepaskiptingu til að sporna við frekari samþjöppun

- Þannig má hlífa smærri útgerðum en ná strax stærri hluta af auðlindarentunni til þjóðarinnar án þess að ráðast í meiriháttar kerfisbreytingar
- Auðlindarenta í sjávarútvegi hefur verið metin yfir 50 milljörðum króna á ári en veiðigjöld ársins 2024 eru áætluð um 10 milljarðar króna – hlutur þjóðarinnar í rentunni á að vera meiri

#### Áhersla á arðsemi og hærra veiðigjald hjá stærri útgerðum sem eru í aflamarkskerfinu

- En leitum leiða til að aflaheimildir í „5,3%-kerfinu“ nýtist sem best í þágu byggðasjónarmiða

#### Fiskeldi í sjó verður að standast kröfur um umhverfisvernd til að eiga framtíð á Íslandi

- Framtíðarþróun og verðmætasköpun í greininni byggi á skýrum kröfum um sjálfbæra nýtingu með áherslu á traust eftirlit, vöktun og rannsóknir
- Þar er erfðablöndun á villtum laxi helsta áhyggjuefnið – stórfelldum slysasleppingum þurfa að fylgja þung viðurlög fyrir fiskeldisfyrirtæki
- Áhersla lögð á arðsemi, gjaldtöku fyrir tímabundin rekstrarleyfi og fiskeldisgjald sem er skipt með nærsamfélagi (sjá *Hin ríka hefð Norðmanna*)

### *Orkuvinnsla*

#### Auðlindagjöld af orkuvinnslu sem er skipt með nærsamfélagi (sjá *Framfarir í orkumálum*)

- Auðlindarentuskattur og/eða vinnslugjald á framleidda einingu af raforku – óháð eignarhaldi og hvort sem verið er að nýta vatnsafl, jarðvarma, vind eða aðra orkugjafa
- Mikilvægt er að vinnsla á raforku skili ávinningi til nærsamfélags vegna staðbundinna áhrifa af nýtingunni og til að stilla saman hagsmuni nærsamfélags og þjóðar



## *Ferðaþjónusta*

### **Ferðaþjónustan þarf sterkan ramma og stjórnfestu til að dafna áfram í sátt við þjóðina**

- Grípum til aðgerða – álagsstýring og gjaldtaka er lykill að samfélagslegri sátt og um leið skilvirkari nýtingu á innviðum og fastafjármunum í ferðaþjónustu

### **Auðlindagjald fyrir aðgang ferðamanna að náttúruperlum Íslands**

- Vinsælustu ferðamannastaðir landsins eru í eigu hins opinbera og ferðamenn sem hingað sækja eru langflestir komnir til þess að njóta náttúru Íslands
- Besta leiðin væri auðlindagjald með álagsstýringu sem er breytilegt eftir árstíma og staðsetningu – svo hægt sé að undanskilja svæði þar sem álag vegna ferðaþjónustu er lítið
- Hluti af tekjum renni til uppbyggingar á ferðamannastöðum um land allt

### **Komum stjórn á Airbnb**

- Herðum á eftirliti með skammtímaleigu húsnæðis og veitum sveitarfélögum auknar heimildir til að hafa áhrif á umfang starfseminnar
- Þannig drögum við úr álagi á húsnæðismarkaðinn vegna ferðaþjónustu



## *Ferskvatn og aðrar auðlindir til framtíðar*

**Tryggja verður almenningi óhindraðan aðgang að ferskvatni – en þegar stórfelld vatnstaka fer fram í atvinnuskyni er rétt að innheimta auðlindagjald**

### **Almenn auðlindagjöld til framtíðar**

- Það getur verið breytilegt hvað telst auðlind og hvenær auðlindagjöld eru viðeigandi – og því er brýnt að stjórnvöld marki stefnu um almenn auðlindagjöld til framtíðar



## 3

## Krafa um íslensk kjör og atvinnustefnu fyrir Ísland



Lífskjör á Íslandi eru góð í alþjóðlegum samanburði. Þau byggja á góðum og vel launuðum störfum, atvinnugreinum með háa framleiðni og sterku velferðarkerfi.

Á Íslandi hefur hagvöxtur á mann verið minni en gengur og gerist á Norðurlöndum og í Evrópu frá árinu 2017, þrátt fyrir að hér hafi hagkerfið vaxið hraðar heilt yfir. Þunginn í hagvextinum hefur orsakast af hröðum vexti vinnuafsfrekra greina og mikilli fólksfjölgun án þess að nauðsynlegir innviðir hafi haldið í við þá þróun. Þetta skýrir „innviðaálagið“ frá 2017 (sjá *Hagvöxtur á mann og „innviðaálagið“ frá 2017-2022*).

Stjórnvöld eiga að hafa stefnu um það hvers konar atvinnulíf byggist upp á Íslandi til að standa undir íslenskum kjörum og velferð.

Félagsleg undirboð á vinnumarkaði mega aldrei líðast – og á tímum mikillar fjölgunar innflytjenda er sérlega mikilvægt að stjórnvöld gæti að og standi vörð um réttindi alls launafólks. Um leið verða stjórnvöld að taka mið af sérstöðu atvinnulífs á Íslandi og gæta íslenskra hagsmuna á alþjóðlegum vettvangi.

Samfylkingin gerir kröfu um atvinnustefnu fyrir Ísland sem stendur undir íslenskum kjörum.

# Grundvallarkrafa um íslensk kjör og atvinnustefnu fyrir Ísland

## Atvinnustefna fyrir Ísland sem stendur undir íslenskum kjörum

- Aukum framleiðni í hagkerfinu og tökum fast á félagslegum undirboðum

## Aðgerðir til árangurs

### Atvinnustefnuráði Íslands komið á fót


- Mótuð verði atvinnustefna fyrir Ísland með áherslu á sjálfbæran vöxt atvinnugreina, háa framleiðni og vel launuð störf
- Sjálfstætt ráð sett á fót með ráðgefandi hlutverk sem vinnur þvert á ráðuneyti og leggur í sífellu mat á stöðu atvinnugreina, framleiðni, sjálfbærni hagvaxtar og áhrif á vinnumarkað og innviði
- Langtímastefnumótun tryggir fyrirsjáanleika í breytingum á regluverki og samfellu milli ráðuneyta í aðgerðum
- Hvötum og ívilnunum beitt til að ýta undir orkuskipti og græna atvinnustarfsemi

### Tökum fast á félagslegum undirboðum og hvetjum til beins ráðningarsambands

- Herðum á eftirliti með starfsmannaleigum og innleiðum lög um keðjuábyrgð í verklegum framkvæmdum fyrir allan vinnumarkaðinn – ekki bara framkvæmdum á vegum hins opinbera
- Eflum heimildir til vinnustaðaeftirlits og bætum upplýsingagjöf til erlends starfsfólks og atvinnurekenda um réttindi og skyldur
- Setjum í lög bann við nauðungarvinnu með skýrum refsíákvæðium – og tryggjum viðeigandi aðstoð og vernd fyrir fórnarlömb vinnumansals og nauðungarvinnu

### Gætum hagsmuna okkar innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES)

- Höldum sérstöðu landsins á lofti þar sem nauðsyn krefur í viðræðum innan EES: Horfa þarf til smæðar og fjarlægðar frá helstu viðskiptalöndum – styrkja verður stjórnsýsluna svo hún ráði við verkefnið
- Forðumst að gullhúða regluverk og að innleiða óþarflega íþyngjandi reglur að utan
- Styðjum við smærri fyrirtæki til þátttöku í opinberum útboðum



### Fjöldi innflytjenda á Íslandi

Frá árinu 2017 hefur fjöldi innflytjenda á Íslandi tvöfaldast og vaxið úr 36 þúsund manns í 71 þúsund. Á sex árum fór hlutfall innflytjenda á Íslandi þannig úr 10,5%, sem er nærri meðaltali OECD-ríkja, og upp í 18,5% sem er eitt hæsta hlutfallið innan OECD.



## Tryggjum íslensk kjör í landbúnaði

Landbúnaður á Íslandi hefur mikla sérstöðu sem við viljum virða. Þróun landbúnaðar er ekki aðeins þýðingarmikil fyrir fæðu- og matvælaöryggi þjóðarinnar heldur einnig fyrir byggðaþróun í landinu. Því er nauðsynlegt að taka sérstaklega mið af landbúnaði við mótun atvinnustefnu.


Ljóst er að í dag stendur landbúnaðurinn ekki nógu vel. Krafan um íslensk kjör á sannarlega við um bændur enda eru laun þeirra eða reiknað endurgjald víða undir lágmarkslaunum landsmanna. Til að skapa eftirsóknarverðari starfs- skilyrði og tækifæri til nýsköpunar og þróunar er þörf á að bæta fjármögnunarkjör. Þá verður að gæta þess að regluverk og tollaumhverfi taki mið af þeim ríku kröfum sem við gerum til íslensks landbúnaðar.

Hagsmunagæsla innan EES á við um landbúnað líkt og önnur fyrirtæki á Íslandi. Til að bæta hag bænda er vert að líta til fyrirmynda í Evrópu þegar kemur að vinnu við nýjan búvörusamning, svo sem til stuðningskerfa landbúnaðar í Noregi og innan Evrópusambandsins.

## Hagvöxtur á mann og „innviðaálagið“ frá 2017-2022

Á Íslandi hefur hagvöxtur á mann verið minni en gengur og gerist á Norðurlöndum og í Evrópu frá árinu 2017, þrátt fyrir að hér hafi hagkerfið vaxið hraðar heilt yfir. Þetta skýrist meðal annars af hraðari vexti í vinnuafslfrekum atvinnugreinum hérlendis.

Þennan mikla mun á milli hagvaxtar og hagvaxtar á mann mætti líta á sem „innviðaálagið“ frá 2017 – eina helstu ástæðu þess að fólk sem hér býr upplifir ekki endilega aukin lífsgæði vegna hagvaxtar heldur þenslu, sem birtist meðal annars í mikilli verðbólgu, háum vöxtum, háu húsnæðisverði og álagi á aðra innviði. Þegar hagvöxtur byggir á aukinni framleiðni eru meiri líkur á að landsframleiðsla, innviðir og lífsgæði þróist í takt.







# Áhrif á fjármál ríkisins

Krafa um árangur í atvinnu- og samgöngumálum er verklýsing fyrir nýja ríkisstjórn sem felur í sér breytingar frá þeirri stefnu sem hefur verið rekin á Íslandi undanfarin ár. Þar á meðal eru breytingar sem snerta fjármál ríkisins, bæði hvað varðar fjárfestingastig og fjármögnun. Hér eru áhrif þeirra breytinga áætluð.

Grundvallarkrafa Samfylkingarinnar í orku- og samgöngumálum er að á næstu 10 árum verði innviðum Íslands lyft upp í nýjan styrkleikaflokk til að auka öryggi og efla atvinnulíf um land allt (sjá *Krafa um framfarir í orku- og samgöngumálum*). Það mun til lengri tíma litið styðja við verðmætasköpun í landinu enda um arðbærar fjárfestingar að ræða – en á móti koma hærri fjárfrahlög úr ríkissjóði til fjárfestinga í innviðum þar sem mestu munar um framkvæmdir í samgöngumálum.

Grundvallarkrafa Samfylkingarinnar um skynsemi í auðlindastefnu felur í sér sterkan ramma um vöxt og verðmætasköpun um land allt – og þar á meðal eru almenn auðlindagjöld frá fyrsta kjörtímabili í nýrri ríkisstjórn. Það mun skapa ríkissjóði auknar tekjur og um leið styðja við verðmætasköpun í landinu með því að auka fyrirsjáanleika atvinnugreina, auka sátt og höggva á hnúta.

Loks mun grundvallarkrafa Samfylkingarinnar um íslensk kjör og atvinnustefnu fyrir Ísland leiða af sér aukna framleiðni í hagkerfinu og þar með aukna verðmætasköpun. Allt eru þetta atriði sem hafa áhrif á fjármál ríkisins.

## Innviðaskuldin á gjalddaga

Á undanförunum árum hefur gengið vel að halda aftur af vexti bókhaldsskulda ríkissjóðs – og skuldahlutföll íslenska ríkisins eru lág í öllum samanburði. Hins vegar má segja að komið sé að skuldadögum í innviðum landsins. Áratugur vanfjárfestingar ríkisins í innviðum hefur leitt af sér innviðaskuld sem dregur úr getu hagkerfisins til að standa undir verðmæta-

sköpun til framtíðar og þar með því velferðar-samfélagi sem við viljum byggja á Íslandi. Samtök iðnaðarins hafa metið núverandi innviðaskuld á um 5% af vergri landsframleiðslu. Þeirri stöðu er nauðsynlegt að snúa við sem allra fyrst að mati Samfylkingarinnar.

Samfylkingin talar ekki fyrir töfralausnum heldur gerlegum breytingum sem hægt er að koma í framkvæmd í öruggum skrefum á tveimur kjörtímabilum. Enda veit fólk að það mun taka sinn tíma að lyfta innviðum landsins upp um flokk – og skilur að arðbærar fjárfestingar kalla á aukin fjárútlát í fyrstu sem borga sig til baka yfir lengri tíma. Það þarf að gera hlutina í rétttri röð og Samfylkingin er óhrædd við að tala um fjármögnun ríkissjóðs.

Áhersla okkar á að lyfta fjárfestingum í samgöngum aftur upp í meðaltal OECD-ríkja fyrir árið 2030 útheimtir að framlög ríkisins fari úr 0,5% í 1% af vergri landsframleiðslu á þeim tíma. Sú aukning í fjárfestingastigi ríkisins verður því um 0,5% af landsframleiðslu þegar hún er að fullu komin til framkvæmda. Ef aðstæður í efnahagslífinu leyfa er hægt að fjármagna hluta slíkra framkvæmda með skuldsetningu enda um fjárfestingu að ræða – ekki rekstrarkostnað sem kallar á stöðugar viðbótartekjur inn í ríkissjóð.

Í því samhengi má nefna að til umræðu er innan Evrópusambandsins að taka upp svokallaða „gullna reglu“ í ríkisfjármálum sem felur í sér að taka innviðafjárfestingar út fyrir sviga við útreikninga á skuldahlutföllum. Þar er vísað til þess að innviðaskuldir séu alveg jafnþungar og bókhaldsskuldir – ef ekki þyngrri. Svigrúm til skuldsetningar er lítið þegar hagkerfið býr við mikla þenslu. Því er mikilvægt að gera ráð fyrir fjármögnun viðbótarfjárfestinga í samgönguinnviðum með auknum tekjum til að byrja með. Fjárfestingin mun svo byggja undir verðmæta-sköpun í landinu og auka tekjur ríkissjóðs síðar meir.



## Tekjuauki fyrir samfélagið


Á tekjuhlið ríkissjóðs má skipta áhrifunum í tvennt. Annars vegar eru bein áhrif sem koma til vegna almennra auðlindagjalda í sjávarútvegi, fiskeldi, orkuvinnslu og ferðaþjónustu og hins vegar eru óbein áhrif af aukinni verðmætasköpun. Beinu áhrifin á tekjuhlið ríkisins er áætluð um 0,75% af vergri landsframleiðslu þegar þau eru komin að fullu til framkvæmda – en það verður gert í fyrirsjáanlegum skrefum yfir nokkurra ára tímabil. Þar munar mestu um herra veiðigjald í sjávarútvegi, með þrepaskiptingu til að hlífa smærri útgerðum, og auðlindagjald með aðgangsstýringu í ferðaþjónustu. Þá er gert ráð fyrir að tekjur af fiskeldi í sjó og orkuvinnslu fari vaxandi á þeim tíma sem um ræðir. Að auki er ljóst að náist markmið Samfylkingarinnar um aukningu á ársframleiðslu raforku á Íslandi um 5 TWh til ársins 2035 þá mun það skila verulegum tekjum til viðbótar í ríkissjóð.

Mestu skiptir þó að hér náist árangur við að auka framleiðni í hagkerfinu og þar með hagvöxt á mann með auknum umsvifum í atvinnulífi. Eins og farið er

yfir hér að framan er mikilvægt að þar sé lögð áhersla á hagvöxt á mann og aukin lífsgæði fremur en hraðan hagvöxt sem er keyrður áfram af vinnuafsfrekum atvinnugreinum og fólksfjölgun. Nauðsynlegt er að innviðirnir haldi í við þróunina. Þaðan sprettur krafan um atvinnustefnu fyrir Ísland sem getur staðið undir íslenskum kjörum (sjá *Krafa um íslensk kjör og atvinnustefnu fyrir Ísland*).

Það er til mikils að vinna. Markið er varfærnislega sett á 0,15% viðbótarhagvöxt á mann á ári næsta áratuginn. Aukin verðmætasköpun gæti þannig skilað 1,5% hærri landsframleiðslu á mann árið 2035 en ella, og um þriðjungur af þeirri upphæð myndi skila sér til ríkissjóðs. Tekjuauki ríkisins yrði þá um 0,5% af landsframleiðslu, viðbótartekjur í ríkissjóð upp á meira en 20 milljarða á ári ef miðað er við landsframleiðslu ársins 2023.

Samfylkingin gerir kröfu um árangur í atvinnu- og samgöngumálum. Til þess þarf skýr markmið og einbeittan vilja til framkvæmda.



### Áhrif á fjármál ríkisins (% af VLF)

Tillögur Samfylkingarinnar í atvinnu- og samgöngumálum kalla á aukna fjárfestingu í innviðum. Á móti koma tekjur af almennum auðlindagjöldum, orkuvinnslu og aukinni verðmætasköpun. Nái tillögurnar fram að ganga gerir varfærið mat ráð fyrir að tekjur ríkisins aukist sem nemur 1,25% af vergri landsframleiðslu en á móti kemur aukin fjárfesting upp á 0,5% af vergri landsframleiðslu.





xs.is